

5. gr.

1861.

4. janúar.

Framan greindar ákvarðanir eiga einnig við þegar ekkja, sem situr í óskiptu búi, vill gefa út innköllun til skuldaheimtumanna manns hennar, eður þegar erfingjar, sem skipta sjálfir sín á milli, vilja gefa út innköllun til skuldaheimtumanna arfleifanda.

6. gr.

Lagaboð þetta öðlast lagagildi 1. dag júlímánaðar 1861.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

3. Opð brèf, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1857, um myndugleika kvenna.

4. janúar.

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 29. desember 1857 um myndugleika kvenna, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Frá 1. degi júlímánaðar 1861 eru ógiptar konur, þegar þær eru orðnar 18 ára gamlar, myndugar með tilsjónarmanni, og fullmyndugar þegar þær eru orðnar fullra 25 ára að aldri.

2. gr.

Því fè, sem nú er undir stjórn yfirfjárráðenda ómyndugra, og ógiptar konur eiga, sem orðnar eru 18 ára gamlar, mega þær ekki segja upp til útborgunar fyrri, en að 3 árum liðnum frá þeim degi, er þetta lagaboð öðlast lagagildi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

1861.
4. janúar.

Ágrip af skýrslu dómsmálastjórnarherrans til konungs, um löggilding nokkurra lagaboða á Íslandi, er út komu í Danmörku árin 1857 og 1858.

Í konungsráðgjafi 10. nóvemberm. 1843 er svo fyrir mælt, að fulltrúi konungs skuli, eptir að hlutaðeigandi stjórnarráð hafa ráðgætt um málið, í hvert skipti leggja fyrir alþingi þau af hinum almennu lagaboðum, er síðast hafa komið út í konungsríkinu Danmörku, sem ekki hefir verið boðið að leggja fyrir þingið sérstaklegt frumvarp um að lögleiða á Íslandi, en sem þó kynni við eiga að veita þar lagagildi; og skuli hann skora á þingið, að láta í ljósi álit sitt um löggilding þeirra og um þær breytingar, er við þætti eiga að gjöra á þeim.

Samkvæmt þessu ritaði dómsmálastjórnin konungsfulltrúa á alþingi 1859, um að leita álits þingsins, hver af almennum lagaboðum þeim, er komið höfðu út í konungsríkinu árin 1857 og 1858, ætti við að lögleiða á Íslandi, og var sérstaklega bent á þau af lagaboðum þessum, sem stjórnin hélt að aðeins gæti verið umtalsmál um að löggilda á Íslandi, og voru það þessi:

1. lög 21. janúarm. 1857 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum;

2. lög 4. marzm. s. á. um breyting á tilskipun um skírtna 30. maím. 1828;

3. lög 30. nóvemberm. s. á., er nema úr lögum að skirn sé nauðsynleg sem skilyrði fyrir erfðarétti;

4. lög s. d. viðvíkjandi nákvæmari ákvörðunum um betrunarhússvinnu;

5. lög s. d. um innkallanir í búum;

6. lög 29. desemberm. s. á. um breyting á tilskipun 21. maím. 1845;

7. lög s. d. um myndugleika kvenna;

8. lög s. d., er breyta 10. atriði í 3. grein í tilskipun 30. aprílm. 1824, viðvíkjandi embættiskyldu prestanna með tilliti til hjónabands;

9. lög s. d. um heimildarlausa prentun bóka og s. frv.;

1861.

4. janúar.

10. lög 30. desemberm. 1858, er ákveða ýmislegt um gjaldþrota bú, og um meðferð á þrotabúum og öðrum búum.

Stjórnin bætti því við, að það væri vitaskuld, að alþingi væri innanhandar að íhuga, hvort nokkur fleiri af lagaboðum þeim, sem út komu árin 1857 og 1858, væru þess efnis, að við ætti að löggilda þau á Íslandi óbreytt, eður með nokkrum breytingum; en um lagaboð þau, sem að ofan eru nefnd, var þess sérstaklega getið, að þó tilskipun 30. maím. 1828, sem lagaboð það, er tilgreint er við 2. tölulið, hefir gjört breytingar á, ekki að öllu leyti hafi verið löggilt á Íslandi, þótti eigi að síður réttast að leiða athygli alþingis að lögum þessum, með því þau taka af hina kirkjulegu skyldu til að láta skíra börn sín; en þessi skylda á sér einnig stað á Íslandi eptir lögum þeim, er þar gilda; um lagaboð það, sem tilgreint er við 5. tölulið, var tekið fram, að það bæri að íhuga, hvort ekki væri ástæða til, ef það yrði löggilt á Íslandi, að breyta því á sama hátt og gjört var þá, er það var lögleitt á Færeyjum með lögum 6. nóvemberm. 1858; og að síðustu var þess getið um lagaboð það, sem til er greint við 6. tölulið, að einungis gæti orðið umtal um, að lögleiða ákvörðunina í 2. grein, með því ákvörðun sú sem er í 1. gr., um að konur skuli erfa jafnt karlmönnum, þá er afkvæmi tekur arf, þegar er lög á Íslandi, eptir því sem fyrir er mælt í tilskipun 25. septemberm. 1850.

Alþingi ræddi mál þetta á lögskipaðan hátt, og er þess getið í þegnlegu álitsskjali þess um málið, að þingið eindregið hafi verið á því, að ekki gæti orðið umtal um að lögleiða á Íslandi önnur lagaboð en þau, sem að ofan eru til greind, hvort heldur breytt eður óbreytt, en á hinn bóginn væru ýms af lagaboðum þessum, sem þingið yrði að ráða frá að lögleidd væru á Íslandi.

Í þessum síðasta flokki eru fyrst, eptir álitsskjali alþingis, lög 4. marzm. 1857 um breyting á tilskipun um skírninga 30. maím. 1828 (2. tölul.) og lög 30. nóvemberm. 1857, er nema úr lögum nauðsyn skírningarinnar, sem skilyrði fyrir erfðarétti (3. tölul.). Um þessi tvö lagaboð er þess getið, að það sé algjörlega gagnstætt hugsunarhætti almennings á Íslandi,

1861. að láta barnaskírn dragast lengur, en kringumstæðurnar ítrast
4. janúar. leyfa í hvert skipti, auk heldur að sleppa henni algjörlega; þingið þóttist því geta fullyrt, að lagaboð þessi, þó lögleidd yrðu á Íslandi, vissulega ekki mundu geta komizt inn í meðvitund alþýðu, og yrðu þannig að verða þýðingarlaus.

Ekki þótti þinginu heldur ástæða til, að mæla fram með löggildingu laganna frá 29. desemberm. 1857, um breytingu á tilskipun 21. maím. 1845 (6. tölul.), smbr. tilsk. 25. septemberm. 1850, 22. gr., og er það í því efni tekið fram, að réttur sá, sem þegar í Jónsbók er heimilaður þeim, er á arfgengt afkvæmi, til að gefa fjórðung af búi sínu eptir sinn dag, sè orðinn þjóðinni svo innrættur, og hún uni honum svo vel, að yfirgnæfandi ástæður virtust vera, að láta allt standa við sama og nú er í lögum um það efni.

Einnig virtist þinginu eiga að ráða frá því, að lög 29. desemberm. 1857 um heimildarlausu prentun bóka, og s. frv. (9. tölul.), og lög 30. desemberm. 1858 um þrotabú (10. tölul.), yrðu lögleidd á Íslandi, bæði sökum þess, að í lagaboðum þessum sèu margar ákvarðanir, sem ekki eigi við þar á landi, og svo vegna þess, að þær ákvarðanir, sem nú eru í lögum, sèu að þingsins áliti nægilega tryggjandi fyrir þá, er hlut eiga að máli; þar við bætist og, að hinar strangari réttgangsreglur um aðfarir í skuldamálum, persónuleg höpt, uppboð og annað þesskonar, nálega aldrei komi þar fyrir, eður sèu við hafðar, með því allt í þessu efni sè svo einfalt og óbrotið.

Til sömu niðurstöðu komst alþingi og um lög 29. desemberm. 1857, er breyta 10. atriði í 3. gr. í tilsk. 30. aprílm. 1824, viðvikjandi embættisskyldu prestanna með tilliti til hjónabands (8. tölul.), og sèst ekki af álitsskjali þingsins, hvers vegna ekki þótti ráðlegt að lögleiða lagaboð þetta á Íslandi; en af umræðunum um málefni þetta á þinginu, og af bænarskrá þess um bann mót öreigagiptingum, er það auðráðið, að enginn efi er á, að ástæðan er sú, að alþingi hefir álitit, að fremur beri að takmarka en rífka rétt þeirra til að giptast, sem notið hafa styrks af sveit, og ekki hafa endurgoldið hann.

Aptur á móti mælti þingið fram með, að lög þau,

1861.

4. janúar.

sem nefnd eru við 4. 5. og 7. tölulið, verði lögleidd á Íslandi með nokkrum breytingum, en það eru lög 30. nóvemberm. 1857 viðvíkjandi nákvæmari ákvörðunum um betrunarhúss vinnu, lög s. d. um innkallanir í búum og lög 29. desemberm. 1857 um myndugleika kvenna.

Um lög 21. janúarm. 1857 (1. tölul.) um hegning fyrir illa meðferð á skepnum skal þess getið, að um það efni kom frá þinginu sérstakleg bænarskrá.

Í þegnlegri skýrslu, er dómsmálastjórnin lagði fyrir konung um álitsskjal alþingis, er þess meðal annars getið um lög 30. nóvemberm. 1857, er nema úr lögum að skírn sé nauðsynleg, sem skilyrði fyrir erfðarétti, og um lög 29. desemberm. s. á., er breyta 10. atriði í 3. gr. í tilskipun 30. aprílm. 1824 viðvíkjandi embættisskyldu prestanna með tilliti til hjónabands, að ástæður þær, er þingið tók fram móti því, að lagaboð þessi væru gjörð að lögum á Íslandi, yrðu reyndar ekki álitnar nægar, en samt sem áður þótti ekki full ástæða til að leggja lög þessi fyrir alþingi á ný, með því þingið svo eindregið hafði farið því fram, að ekki bæri að löggilda þau, og þetta þótti vera órækur vottur þess, að almenningur ekki fyndi með sér þörf á þessum réttarbótum.

Um þau þrjú lagaboð, er alþingi mælti með að lögleidd yrðu á Íslandi, voru gjörðar þessar athugasemdir:

Um 4. lagaboðið: Lög 30. nóvemberm. 1857 viðvíkjandi nákvæmari ákvörðunum um betrunarhúss vinnu. Þingið hafði með 23 atkvæðum móti 1 atkvæði stungið upp á því, að lagaboð þetta yrði lögleitt á Íslandi; en með því sakamálaög Íslands meðal annars eru frábrugðin sakamálaögum konungsríkisins í því, að tveggja ára hegningarvinna er á Íslandi afplánuð með vandarhaggarefsingu, og hegning fyrir betl og flakk ekki hin sama, þá stakk þingið upp á, að lagaboðinu væri breytt svo sem nú skal frá skýrt:

a. að felldur sé úr síðasti kafli í 1. gr.: „Undanskilin er þó hegning fyrir flakk og betl; skal fyrir slík brot fyrst um sinn dæmt og hegnt eptir lögum þeim, er hingaðtil hafa verið gildandi“, og

1861.
4. janúar. b. að fyrsti kaffi í 2. grein sè orðaður þannig: „Þeir afbrotamenn karlkyns frá Íslandi, sem dæmdir verða til vinnu í betrunarhúsi, eiga og yfirhöfuð að tala að afplána þá hegning í einhýsi, og hafast þar við bæði nótt og dag með þeirri linun í hegningartímanum, að hann færist niður um þriðjung fyrir 3 fyrstu árin, og um helming fyrir hvert af árunum, sem þar er framyfir”.

Dómsmálastjórninni þótti það varla nokkrum efa undirorpð, að lög þessi bæri að lögleiða á Íslandi, vegna þess sakamála- lög konungsríkisins og Íslands eru hvor öðrum svo samkvæm; en þegar svo er, virtist ekki eiga að nema staðar við þær breytingar, er alþingi stakk upp á; því þaræð engin betrunarhús eru á Íslandi, og íslenzkir afbrotamenn verða að þola hegning þá, er þeim ber, í húsum þeim er hér eru til slíks höfð, þá leiðir það beint af þessu, að ekki ætti vel við að lögleiða á Íslandi ákvarðanirnar í 2. og 3. grein laga þessara, með því þær gætu ekki þar haft neina þýðing. Það voru því þegnlegar tillögur stjórnarinnar, að einungis 1. grein laganna skyldi verða löggilt á Íslandi, með þeirri breyting, er alþingi stakk upp á.

Um 5. lagabodid: Lög 30. nóvembermánaðar 1857 um innkallanir í búum. Til þess að gjöra lagabod þetta hagfelt fyrir Ísland, eptir því sem þar hagar til og samboðid þörfum landsins, stakk alþingi upp á því í einu hljóði, að lagabodinu yrði breytt á þann hátt, er nú skal greint, þegar það yrði löggilt á Íslandi:

a. að fyrri kaffi 1. greinar sè orðaður þannig:

„Eptirleiðis skal bæði í dánarbúum, uppboðsbúum, þrotabúum og öðrum búum, sem proclama er gefid út í til skuldaheimtumanna, gefa það út með 6 mánaða fyrirvara, þegar svo stendur á, að hlutaðeigandi ekki getur álitizt að hafa átt í skuldaskiptum annarstaðar en á Íslandi, en ellegar með 12 mánaða fyrirvara”.

b. að úr síðari kafla 1. greinar sè felld orðin: „í Evrópu eða” og orðin „eða á Færeyjum”.

1861.

4. janúar.

c. að 2. grein sè orðuð þannig :

„Þær innkallanir, sem samkvæmt 1. grein geta farið fram með 6 mánaða fresti, á að birta í dagblöðum, sem koma út hér á landi og stjórnin á kveður. Þar á móti eiga þær innkallanir, sem gjöra skal með 12 mánaða fyrirvara, auk þess að þær á að birta á fyrnefndan hátt, jafnframt að auglýsast í Berlinga „politiske og Avertissements“-tíðindum. Frestinn á að telja frá seinasta birtingardegi“.

d. að allur síðari kafli 3. greinar sè úr felldur nema sjálft niðurlag hans þannig breytt:

„Norsku laga 5—13—27 er hér með, að því er Ísland snertir, úr lögum numinn“.

e. að 6. grein sè orðuð þannig:

„Þetta lagabod fær lagagildi 1. júlí 1860“.

Samkvæmt bending dómsmálastjórnarinnar, svo sem áður er sagt, hafði alþingi fyrir sèr við breytingar þessar lög 6. nóvembermánaðar 1858, er lögleiða á Færeyjum lögin frá 30. nóvemberm. 1857 um innkallanir í búum, og eru uppástungur alþingis, að fáeinum nauðsynlegum breytingum undanskildum, nálega öldungis samhljóða lögunum frá 6. nóvemberm. 1858. Í einu atriði er þó verulegur munur á uppástungu alþingis og færeysku lögunum; því alþingi hefir stungið upp á, að skuldaheimtumönnun sè veittur 6 mánaða og 12 mánaða frestur, eptir því hvort svo má ætla, eptir því sem ástatt er, að hlutaðeigandi hafi átt í skuldaskiptum einungis á Íslandi, eður einnig annarstaðar en á Íslandi. Reyndar er frestur þessi helmingi lengri en sá, sem ákveðinn er í lögum 30. nóvemberm. 1857, smbr. lög fyrir Færeyjar 6. nóvemberm. 1858, og reyndar kemur fram sú ósamkvæmni, ef farið er eptir uppástungum alþingis, að sè búinu skipt í Danmörku fá skuldaheimtumenn á Íslandi aðeins 6 mánaða frest, en sè búinu þar á móti skipt á Íslandi, þá fá skuldaheimtumenn þeir, sem hér eru, 12 mánaða frest. Samt sem áður voru, að stjórnarinnar álit, varla nægar ástæður til að breyta útaf uppástungum alþingis, er það hafði fallizt á í einu hljóði, og það því síður, sem það ef til vill er hægra

1861. fyrir skuldaheimtumenn á Íslandi að fá vitneskju um innkallanir
 4. janúar. í búum, þegar skiptin fara hér fram, og láta síðan umboðmenn
 sína bera upp skuldakröfur sínar, en fyrir þá skuldaheimtumenn,
 sem búa annarstaðar en á Íslandi, að fá skuldakröfur sínar
 bornar upp í tæka tíð í búum, sem skipt er í enum fjarlægari
 hëruðum á Íslandi. Það voru því þegnlegar tillögur dómsmála-
 stjórnarinnar, að lög þessi yrðu löggilt á Íslandi með þeim
 breytingum, er alþingi stakk upp á; að eins yrði að breyta tíma
 þeim, er alþingi stakk upp á, að lagaboðið skyldi fá lagagildi;
 einnig þótti þurfa að gjöra dálitla orðabreyting í 2. grein, einsog
 hún var orðuð eptir uppástungu alþingis.

Um 7. lagaboðið: Lög 29. desembermánaðar 1857
 um myndugleika kvenna. Alþingi bað í einu hljóði um,
 að lagaboð þetta yrði löggilt á Íslandi, þó skyldi bæta við það
 ákvörðun, er ætti að miða til að gjöra það samkvæmt reglum
 þeim, er gilda um ekkjur. Þingið stakk upp á, að í upphafi
 1. greinar sè sett: „frá 1. júlí 1860“ í staðinn fyrir 1. maí
 1858, og að aptan við greinina sè bætt þessum orðum:

„En hafi þó í vandamálum valinkunnan manni sèr til
 ráðaneytis, eins og á sèr stað með ekkjur“.

En stjórninni virtist ekki vera ástæða til að mæla með, að
 þessi síðasta uppástunga alþingis yrði tekin til greina, ekki ein-
 ungis þess vegna, að í viðbættisákvörðun þessari er gjört ráð
 fyrir, að ekkjur sèu skyldar að hafa lögverja, en sú sköðun
 er fyrir löngu fallin úr gildi bæði í vísindalegri útlistun laganna
 og þegar þau eru heimfærð í daglegu lífi, heldur einnig þess
 vegna, að það virðist réttara, ef það þætti svo æskilegt að
 koma lögum þessum í samhljóðan við reglur þær, sem gilda
 um ekkjur, þá að veita ekkjum sama myndugleika og lög þessi
 veita stúlkum, er hafa náð 25 ára aldri, en að svipta þær nokkru
 af myndugleika þeim, er lögin veita þeim. Það voru því þegn-
 legar tillögur dómsmálastjórnarinnar, að lagaboð það, sem hér
 er um rætt, yrði löggilt á Íslandi óumbreytt; að eins skyldi
 setja annan tíma, þá er það ætti að öðlast lagagildi.

Í álitsskjali sínu um málefni þetta fór alþingi einnig fram
 á, að breytt væri þeirri aðferð, sem hingaðtil hefir verið við

1861.

4. janúar.

höfð um löggildingu danskra lagaboða á Íslandi. Það sem þinginu í þessu efni þótti miður hagfelt, og virtist ekki eiga vel við, þegar málið væri skoðað frá formlegri hlið, er það, að öll þau almenn lög, sem síðustu tvö árin hafa út komið fyrir konungsríkið Danmörku, eru í einu lagi lögð fyrir alþingi, til þess það segi um þau álit sitt, að lög þessi eru lögð fyrir þingið á frummálinu, sem er danska, og að nefnd sú, sem síðan er kosin til að íhuga málið annast um, eptir til-mælum konungsfulltrúa, að lagaboðum þeim, sem umtal virðist geta orðið um að löggilt verði á Íslandi, sé snúið á íslenzka tungu, og eru þau síðan á þessu máli lögð fyrir þingið undir eins og nefndarálitíð. Auk þess að aðferð þessi, eptir því, sem tekið var fram á þinginu, gjörir umræðurnar um málið torveldari, leiðir hún og til þess, að einungis ein nefnd fær til meðferðar málið um löggilding danskra lagaboða, án þess haft verði tillit til hins margbreytta efnis lagaboðanna, og þessi atvik og það, að hin íslenzka þýðing ekki ætíð er nákvæm, hlýtur að þingsins álit að spilla meðferð málsins. Þingið fór því í einu hljóði fram á, að það verði gjört að reglu framvegis, að hvert það almennt lagaboð, sem álitíð er hagfelt, að lög-leitt verði á Íslandi, verði hëðanaf lagt fyrir alþingi á íslenzku, sem frumvarp og hvert sér í lagi, með þeim breytingum sem þættu nauðsynlegar.

Það mætti nú að sönnu með rökum hafa það á móti því, sem um þetta efni hefir verið tekið fram á þinginu, að þó lagaboðin séu lögð fyrir þingið í einu lagi, þá er það innan handar þinginu að ræða hvert það lagaboð, sem komið getur til umtals að löggilda á Íslandi, sem eitt mál útaf fyrir sig; það er og líklegt, að sú þýðing lagaboðanna, sem konungsfulltrúi lætur gjöra, ætíð sé svo vönduð, sem þörf er á til þess þingið geti íhugað hvort löggilda eigi lagaboðin á Íslandi; svo ber og þess að gæta, að mikill munur er á, hvort almenn dönsk lagaboð eru borin undir álit þingsins, eður lögð eru fyrir þingið sérstakleg íslenzk frumvörp; því í fyrra tilfellinu er einungis spurning um, hvort það eður það lagaboð, sem þegar er komið út í konungsríkinu Danmörku, beri að lögleiða á Íslandi óbreytt

1861.
4. janúar.

eður með breytingum, án þess texti laganna að öðru leyti þurfi að sæta nokkrum breytingum; en samt sem áður þótti dómsmálastjórninni ekki eiga að ráða frá því, að fallt væri á þessa uppástungu alþingis, með því það og má ætla að það greiði fyrir meðferð málsins á alþingi, og geti stutt að því, ef til vill, að það verði grandgæfilegar íhugað, ef stjórnin, í stað þess að hafa við þá aðferð, sem hingaðtil hefir tíðkast, semur sèrstök frumvörp um að löggilda á Íslandi með þeim breytingum, er þurfa þykir, þau af almennum lögum, er út hafa komið í konungsríkinu Danmörku, sem virðast vera þess efnis, að þau beri að lögleiða á Íslandi.

Annars á, að áliti dómsmálastjórnarinnar, eptir sem áður, þó þetta komist á, að senda konungsfulltrúa öll önnur lagaboð sem út hafa komið, svo að alþingi fyrir tilhlutun hans gefist færi á að íhuga, hvort það kynni að æskja, að nokkur fleiri lagaboð en þau, er stjórnin hefði lagt fyrir þingið, yrðu lögleidd á Íslandi.

Mál þetta var síðan flutt fyrir konungi á ráðgjafafundi 4. janúarm. 1861, og féllst þá hans hátign allramildilegast á þessa uppástungu dómsmálastjórnarinnar:

„að eptir þetta skuli öll þau almenn lög, sem virðist eiga að lögleiða á Íslandi, lögð fyrir alþingi sem lagafrumvörp á danskri og íslenskri tungu, hvert lagaboð út af fyrir sig, með þeim breytingum sem þurfa þykir“.

Einnig féllst hans hátign á, að þau þrjú lagaboð, sem að ofan er getið (4. 5. og 7. lagaboðið) yrðu löggilt á Íslandi, og komu samkvæmt því út þau 3 opnu bréf, sem prentuð eru hér á undan¹.

1) Smbr. Alþ. t. 1859. 411.—437., 616.—635., 1556.—1561. bls. og viðbæti A. 56.—60. bls.